

REGLUR

um breyting á reglum nr. 32/2005, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2005, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað „61,50“, „70,80“ og „89,20“ í kafla 3.1. Frádráttur kostnaðar á móti ökutækjastyrk, kemur: „62“, „71,30“ og „89,90“.

2. gr.

Í stað fjárhæða vegna dagpeninga innanlands í kafla 3.2 Frádráttur á móti dagpeningum komi:

	Kr.
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	14.300
Fyrir gistingu í eina nótt	8.300
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	6.000
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	3.000

3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. október 2005.

Fjármálaráðuneytinu, 27. september 2005.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Guðmundur Thorlacius.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skaftárhreppi.

Breyting á deiliskipulagi í Hörgslandi 1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 11. október 2004 samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Hörgslandi 1, Skaftárhreppi. Uppdrættir og greinargerð skipulagstillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framsend gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 29. september 2005.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Skaftárhreppi,

Oddur Bjarni Thorarensen.